

**Ed.**

**106. Frumvarp til laga**

**[95. mál]**

um breyting á vegalögum nr. 80 10. júlí 1973.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974.)

**1. gr.**

1. mgr. 10. gr. orðist svo:

Vegamálastjóri semur tillögur að vegáætlun fyrir þjóðvegi, aðalfjallvegi, aðra fjallvegi, þjóðgarðavegi og vegi að fjölsóttum ferðamannastöðum til fjögurra ára í senn til leiðbeiningar um skiptingu þess fjár, sem til ráðstöfunar er hverju sinni til vegagerðar. Skal áætlunin annars vegar gera grein fyrir þeim framkvæmdum, sem fyrirhugaðar eru á tímabilinu, en hins vegar þeirri fjáröflun, sem gert er ráð fyrir vegna þeirra.

**2. gr.**

2. mgr. 11. gr. orðist þannig:

Í vegáætlun um nýbyggingar skal vera sundurliðun um heildarkostnað hvers mannvirkis þrjú fyrstu ár áætlunartímabilsins.

**3. gr.**

Við 12. gr. bætist:

.... eða að orkuveri.

Heimilt er að taka í tölu landsbrauta vegi að flugvöllum utan kaupstaða, þar sem reglubundið áætlunarflug hefur verið starfrækt samkvæmt leyfi samgöngu-

ráðuneytisins í eitt ár eða lengur. Enn fremur er heimilt að taka í tölu landsbrauta vegi að skólastöðum og öðrum hliðstæðum stöðum, þar sem visir að þorpi hefur myndast vegna þeirrar starfsemi, sem þar fer fram.

4. gr.

Í stað orðanna „300 íbúum“ í c-lið 19. gr. komi: 200 íbúum.

Við d-lið bætist: .... og sjúkraflugvöllum.

3. mgr. orðist svo:

Sýsluvegur samkvæmt a-lið þessarar greinar skal aldrei teljast ná nær býli en 50 m, ef hann endar þar.

5. gr.

Við 20. gr. bætist:

Heimilt er að styrkja af fé sýsluvegasjóðs lagningu og viðhald vega að sumar- bústaðahverfum, enda náist samkomulag um mótframlag af hálfu eigenda og um afnot vegarins.

6. gr.

21. gr. orðist svo:

Hvert hreppsfélag greiðir árlega í sýsluvegasjóð sem samsvarar a.m.k. and- virði þriggja dagvinnustunda fyrir hvern íbúa, miðað við kaupgjald í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins 1. desember hið næsta ár, áður en gjaldið er lagt á.

Hreppsfélag getur ákveðið að greiða til sýsluvegasjóðs allt að tvöfalt hærri upphæð en getur í 1. mgr., og skal sú ákvörðun tilkynnt sýslumanni fyrir 15. febrúar. Síðan ákveður sýslumaður gjald hvers hrepps og tilkynnir oddvita fyrir 1. mars. Skal það greitt í einu lagi úr sveitarsjóði, eigi síðar en á næsta manntals- þingi.

7. gr.

2. mgr. 23. gr. orðist svo:

Vegaskattur skal nema 2.0 af þúsundi af fasteignamatsverði mannvirkja, en 3.0 af þúsundi af fasteignamatsverði landa og lóða.

8. gr.

Í stað orðanna „skv. XIV. kafla laga þessara“ í 1. mgr. 28. gr. komi: samkv. lögum um fjáröflun til vegagerðar.

Við 28. gr. bætist:

Framlag, sem hreppur kann að hafa greitt umfram lágmark samkvæmt 21. gr., skal, ásamt mótframlagi ríkissjóðs, sem heimilt er að greiða á sama ári og framlag hrepps er innheimt, renna óskipt til sýsluvega í viðkomandi hreppi, án tillits til 2. mgr. 28. gr.

9. gr.

Í stað orðanna „300 íbúa“ í 30. gr. komi: 200 íbúa.

10. gr.

Í stað orðanna „300 íbúa“ í 32. gr. komi: 200 íbúa.

Í stað orðanna „samkv. XIV. kafla laga þessara“ komi: samkv. lögum um fjáröflun til vegagerðar.

11. gr.

34. gr. laganna orðist þannig:

Af heildarframlagi því, sem veitt er til lagningar þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum samkv. 32. gr., skal árlega halda eftir 25 af hundraði, og skal því fé

ráðstafað eftir tillögu vegamálastjóra, að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga, til að flýta framkvæmdum þar sem sérstök ástæða þykir til að ljúka ákveðnum áfangi, eða til að stuðla að hagkvæmari vinnubrögðum.

12. gr.

2. mgr. 44. gr. orðist svo:  
Fjallvegir, sem tengja saman landshluta, nefnast aðalfjallvegir. Skulu þeir, þjóðgarðavegir og vegir að fjölsóttum ferðamannastöðum, taldir sérstaklega í veg-  
áætlun samkv. 10. gr.

13. gr.

4. tl. 52. gr. orðist þannig:  
Kostnaður við viðhald brúa á sýsluvegum greiðist í sömu hlutföllum og stofn-  
kostnaður.

14. gr.

60. gr. orðist svo:  
Bætur fyrir eignarnám, jarðrask og átroðning þann, er nýr vegur kann að hafa í för með sér, má ákveða eftir samkomulagi milli landeigenda og umboðs-  
manns þeirra, sem bætur eiga að greiða. Nú næst ekki samkomulag, og skal þá ákveða bætur með mati samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, að undanskildum ákvæðum 5. og 6. gr., sem öðlast gildi 1. janúar 1975.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi, skal fella meginmál þeirra inn í vegalög nr. 80, 10. júlí 1973, og gefa þau út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. þetta var flutt á síðasta Alþingi, en varð ekki útrætt efnislega, nema ákv. 2. gr. sem er nýtt.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að gerðar verði nokkrar breytingar á vegalögum, sem nauðsynlegt er talið að gera, í flestum tilfellum að fenginni reynslu, m.a. til að efla sýsluvegasjóðina vegna breyttrar tækni við mjólkurflutninga, styrkja gerð þjóðvega í þéttbýli og ná betra samhengi í samgöngukerfið.

Um 1. gr.

Um skýringu á grein þessari vísast til athugasemdar við 11. gr. frumvarps þessa.

Um 2. gr.

Samkvæmt gildandi vegalögum skal í vegáætlun sundurliða kostnað eftir framkvæmdum fyrir allt áætlunartímabilið, þ.e. fjögur ár.

Verðbreytingar undanfarin ár hafa gert óhjákvæmilegt að víkja nokkuð frá röð framkvæmda einkum síðari ár áætlunartímabilsins. Því er hér lagt til að breyting verði gerð, þannig að nákvæmari sundurliðun um einstakar framkvæmdir verði aðeins fyrstu þrjú árin. Fjórða árið sýni áætlunin einungis kostnað við einstaka flokka framkvæmda, en sundurliðun á einstök verk sleppt. Telja verður að þetta fyrirkomulag sem hér er lagt til að horfið verði að, auki líkur á því, að unnt sé að halda í einu og öllu við áætlunina, þar sem það myndi gera auðveldara að jafna þann halla sem hætt er við að myndist á tímum hraðra verðbreytinga. Gildi þess að áætlunin sé raunhæf og henni megi treysta og unnt sé að undirbúa framkvæmdir með eðlilegum hætti er öllum ljóst.

#### Um 3. gr.

Samkvæmt 12. gr. vegalaga má, þar sem aðalfjallvegur liggur úr byggð, telja landsbraut að innsta býli.

Vegna aukinna framkvæmda í óbyggðum, og má þar til nefna Sigölduvirkjun, þykir rétt að einskorða heimild þessa ekki við býli og láta hana einnig ná til orkuvera.

Jafnframt er gert ráð fyrir í 2. gr., að heimilt verði að taka í tölu landsbrauta vegi að flugvöllum utan kaupstaða, þar sem reglubundið áætlunarflug hefur verið starfrækt samkvæmt leyfi samgönguráðuneytisins í eitt ár eða lengur. Til þess að eðlilegt samhengi sé í samgöngukerfinu þykir nauðsynlegt, að nokkuð tryggar og góðar samgöngur séu að flugvöllum þessum, sem hljóta að teljast mikilvægir fyrir það byggðarlag, sem þeir þjóna. Verði heimild þessi nýtt að fullu lengist þjóðvegakerfið um 7 km.

Þá þykir eðlilegt að heimilt sé að taka í tölu landsbrauta vegi að skólastöðum, þar sem vísir að þorpi hefur myndast, þó að þessir vegir nái ekki 2 km lengd. Er þetta gert til samræmis við sams konar undanþáguheimild varðandi kauptún og myndi auk þess léttu nokkuð á ýmsum sýsluvegasjóðum. Sama gæti og gilt t. d. um heilsuhæli.

#### Um 4. gr.

Varðandi skýringu á breytingunni á c-lið 19. gr. vísast til athugasemda við 9. gr.

Með tilliti til bættrar og öruggari heilbrigðisþjónustu þykir rétt og eðlilegt, að sýslunefnd hafi heimild til að taka vegi að sjúkraflugvöllum í tölu sýsluvega. Sjúkraflugvellir munu nú vera um 70 talsins á landinu öllu.

Samkvæmt gildandi lögum er ekki heimilt að taka í tölu sýsluvega vegi, sem styttri eru en 200 m, og skal slíkur vegur aldrei teljast ná nær býli en 200 m, ef hann endar þar.

Hér er lagt til, að allir vegir að býlum verði sýsluvegir, nema síðustu 50 m. Vegna aukinnar umferðar, m. a. vegna tankvæðingar kúabúa, hefur kostnaður við gerð og viðhald vega að býlum stóraukist. Er því, svo sem lögum er háttað í dag, erfitt fyrir marga bændur að halda við heimreiðum að býlum sínum, og kemur slíkt viðhald ójafnt niður, þar sem heinreiðar í umsjá býla geta orðið allt að 400 m langar. Ekki þykir þó rétt að fara nær býlum en 50 m, og verður þá vegurinn heim einkavegur.

#### Um 5. gr.

Í einstökum sýslum taka nú sumarbústaðahverfi yfir viðáttumikil landssvæði. Þykir eðlilegt að fella vegi að og um þessi hverfi a. m. k. að einhverju leyti inn í vegakerfi sýslanna, og er því lagt til, að heimilt verði að styrkja vegi þessa af fé sýsluvegasjóðs með tilteknum skilyrðum.

#### Um 6. gr.

Með vísun til þess kostnaðarauka fyrir sýsluvegasjóði, sem einkum kemur til vegna ákvæða 3. mgr. 3. gr. frumvarps þessa, er lagt til, að hvert hreppsfélag geti ákveðið að greiða til sýsluvegasjóðs allt að tvöfalt hærri upphæð en nú er ákveðin í lögum.

#### Um 7. gr.

Sýsluvegasjóðsgjald samkvæmt 23. gr. vegalaga er mjög lágt og víða naumast talið svara kostnaði að innheimta það. Til þess að gjald þetta nái tilgangi sínum og með hliðsjón af 4. gr. frumvarps þessa er lagt til að hækka þá „pro mille“ tölu af matsverðinu, sem skatturinn nemur.

Er lagt til, að talan verði 2.0 af þúsundi í stað 0.3 og 3.0 í stað 0.6, sem nú er.

**Um 8. gr.**

Samkvæmt gildandi lögum kemur framlag ríkissjóðs skv. 28. gr. vegalaga ekki til greiðslu fyrr en 1—2 árum eftir að hreppsframlag er reitt fram. Er hér lagt til, að heimilt verði að greiða framlag þetta á sama ári og framlag hrepps er innheimt, og skal það renna óskipt til sýsluvega í viðkomandi hreppi. Er þetta lagt til m.a. vegna þeirrar tankvæðingar, sem þegar er hafin og fyrirsjáanlegt er, að til framkvæmda kemur á næstu árunum í flestum sýslum landsins. Kostnaður við styrkingu vega af þessum sökum er ærið misjafn í einstökum hreppum og þykir því rétt að leggja það í sjálfsveld þeirra, hve langt skuli gengið í gjaldheimtu til sýsluvegasjóðs gegn óskertu ríkisframlagi sama ár.

**Um 9. gr.**

Sjá athugasemdir við 10. gr.

**Um 10. gr.**

Í kaupþúnum landsins er nú mikil hreyfing í þá átt að ganga frá götum og vegum með bundnu slitlagi.

Til þess að fleiri kaupþún geti notið fjárframlags samkvæmt 32. gr. vegalaga, er hér lagt til að miða við 200 íbúa kaupþún í stað 300 áður. Miðað við manntal 1. des. 1972 munu eftirtalin kaupþún til viðbótar njóta fjárframlags skv. 32. gr.:

Búðardalur, Súðavík, Hofsó, Hrisey, Stöðvarfjörður, Vogar.

Til samræmis þessu er sams konar breyting gerð á 19. gr. c-lið og 30. gr. gildandi vegalaga, sbr. 4. og 9. gr. frv.

**Um 11. gr.**

Hér er lagt til, að árlega skuli halda eftir 25 af hundraði af heildarframlagi því, sem veitt er til lagningar þjóðvega í kaupstöðum og kaupþúnum í stað 10 af hundraði, svo sem nú er. Er þetta lagt til til þess að auðvelda fámennum kaupstöðum og kaupþúnum að flýta gerð þéttbýlisvega með bundnu slitlagi, skv. 30. gr. Nýmæli er, að skylt sé að leita umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga um skiptingu fjár þess, sem hér um ræðir, áður en hún er endanlega ákveðin. Til þessa hefur framlag þetta verið bundið í Hafnarfjarðarvegi um Kópavog og í Suður-landsvegi um Selfoss, en gert er ráð fyrir frekari dreifingu fjár þessa.

**Um 12. gr.**

Hér er lagt til, að þjóðgarðavegir og vegir að fjölsóttum ferðamannastöðum skuli taldir sérstaklega í vegáætlun, svo sem verið hefur um aðalfjallvegi. Vegi þessa hefur hingað til eigi verið heimilt að taka inn í vegáætlun, en vegna stóráukinnar umferðar ferðamanna, og þar af leiðandi aukins álags, þykir nauðsyn bera til, að tekið sé tillit til þeirra við gerð vegáætlunar.

**Um 13. gr.**

Reynslan hefur sýnt að í mörgum tilfellum hefur viðhald brúa á sýsluvegum reynst sýsluvegasjóðum ofviða og er því lagt til að það verði greitt í sömu hlutföllum og stofnkostnaður.

**Um 14. gr.**

60. gr. gildandi vegalaga er hér breytt til samræmis við lög nr. 11/1973 um framkvæmd eignarnáms.

**Um 15. gr.**

Þarfnast ekki skýringa.